

Fundur stýrirljóps um menntastefnu Hafnarfjarðar haldinn þriðjudaginn 9. september í bæjarráðssal Strandgötu 6, 2. hæð.

Mætt eru: Sigrún Sverrisdóttir, Arnbjörn Ólafsson, Vaka Ágústsdóttir, Kristín Thoroddsen, Sigurður Þ. Ragnarsson, Fanney Dórothe Halldórsdóttir, Vigfús Hallgrímsson, Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir og Hrund Apríl Guðmundsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Geir Bjarnason, Margét Vala Marteinsdóttir

Dagskrá fundar

Kynning á þátttakendum í stýrihóp um menntastefnu.

Mál: Tillögu um gerð menntastefnu Hafnarfjarðar og lykilþættir

Málsaðili: Kristín Thoroddsen

Tillaga um menntastefnu er að hún nái til barna að 18 ára aldri og unnin í samvinnu við skólasamfélagið og hlutaðeigandi aðila sem koma að skólamállum. Ný menntastefna nái til náms í sem víðasta skilgreiningu náms. Unnið verði í samstarfi við rýnihópa og taki tillit til annara þátta s.s. barnasáttmála, heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna heilsueflandi samfélagi og öðrum stefnum samfélagsins.

Hugmyndafræði Lærdómssamfélags verði leiðandi í vinnu við menntastefnu og vellíðan, vöxtur og nám verði grunnsteinn nýrrar menntastefnu. Tímarammi sem lagður er til verður til umræðu en stefnt er að því að vinna ötullega að því að menntastefnan verði unnin af krafti og er viðmið að hún gildi í 10 ár.

Hagsmunahópar sem tilgreindir eru:

Dagforeldrar

Leikskólar

Grunnskólar

Frístund

Tónlistarskóli

ÍBH – íþróttabandalag Hafnarfjarðar

Framhaldsskólar

Nemendur og starfsfólk skóla og félagasamtaka og foreldrahópar þeim tengd.

Tillaga er að kalla til samtals við fulltrúa þessa hópa í þjóðfundarformi eða á einhvern þann hátt sem nær til allra sem hlutdeild eiga í gerð menntastefnu frá öllum aldurshópum og jafnframt að börn hafi hlutdeild í gerð menntastefnunnar.

Markmið er að menntastefnan hríslist til annara sviða innan sveitarfélagsins og verði í samtali við samfélagið allt og miðlist til samfélagsins í heild.

Rætt er um að mikilvægt sé að stefnan sé þannig að úr garði gerð að hún standist tímans tönn til margra ára í síbreytilegu samfélagi.

Rætt um leiðir til að miðla menntastefnunni eða gerð hennar, birtingamynd og að það sem gefið verði út í menntastefnunni muni standast tímans tönn.

Áhersla við gerð menntastefnu verði á innihaldi menntastefnunnar, að hún verði vel úr garði gerð og að raddir allra sem hlutaðeigandi fái að heyrast og að stefnan verði lifandi og geti tekið breytingum í takt við þarfir og væntingar.

Fundargerðir verða vistaðar á One. Lagt er til að vinnusæði verði á Google og samskipti verði á Facebook. Fanney stofnar Facebook hóp og Googlehóp.

Rætt um að aðilar stýrihópsins geri grein fyrir þeim væntingar og áherslum sem þeir hafa um menntastefnu fyrir næsta fund.

Farið yfir tímalínu um gerð menntastefnu og fundarboð til hagsmunaaðila og þátttakenda.

Lagt til að fá ráðgjafa utan að frá við gerð menntastefnunnar með tilliti til stefnumótunar.

Sendur verður út fundartími stýrihópsins.

Næstu skref:

Kalla eftir leiðtogum frá skólasamfélaginu

Senda út kynningarbréf til skólanna og foreldra

Halda kynningarfund fyrir hagsmunaaðila: Tilgangur fundarins er að vera hvetjandi og upplýsandi, lagt er til að fundur verði haldinn mánudaginn 23. september kl. 15.00 og 17.15. Ekki er skylda á mæta á þessa fundi og að þeir verða skipulagðir innan og utan vinnutíma. Kristín hefur samband við fyrirlesara til að halda erindi 23. september

Fulltrúar mennta- og lýðheilssusviðs sjá um að finna kynningarfundinum stað.

Bréf verður undirbúið sem sent verður rafrænt til allra leik- og grunnskóla og óskað um að áframsenda til foreldraráða og félaga ásamt nemendaráða. Einnig verður sent út boðsbréf til annarra hagsmunaaðila. Fanney Dóróte heldur utan um bréfasendingar.

Aukafundur stýrihóps: 12. september kl 9.30 vegna undirbúnings kynningarfundar.

Fundi slitið 11.50